

Fréttabréf Síðuskóla

8. bréf - apríl - skólaárið 2020-2021

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Við vonum að allir hafi átt ljómandi gott páskaleyfi og séu tilbúnir að takast á við þau verkefni sem bíða okkar þessar síðustu vikur skólaársins.

Við þurftum að breyta afskaplega litlu í skólastarfinu þegar nýjasta reglugerðin kom út enda orðin ýmsu vön í þeim efnum. Þetta hefur gengið ljómandi vel hér í skólanum, allir tekið höndum saman til að láta hlutina ganga upp.

Það var ánægjulegt að geta haldið árshátíð þó hún væri með breyttu sniði. Við vonum svo að við náum að klára þetta skólaár án þess að þurfi í harðari aðgerðir, það væri voðalega ljúft.

Við höldum ótrauð áfram og með hækkandi sól fyllumst við bjartsýni!

Bestu kveðjur úr skólanum!

Ólöf, Malli og Helga



Valgreinar á miðstigi

Í apríl og maí verður boðið upp á val á miðstigi svipað því sem hefur verið á unglíngastigi. Þetta er prufa hjá okkur og ef vel tekst til verður val á miðstigi í boði á næsta skólaári.

Valgreinar sem boðið var upp á eru:

- Borðspil
- Forritun
- Teikning,
- Tálgun
- Skyndihjálp
- Dans og leiklist
- Hreyfing og heilsa
- Rafíþróttir
- Bakstur
- Bókaklúbbur
- Skák

[Hér má finna nánari upplýsingar um valgreinarnar.](#)

Markmið verkefnisins eru m.a. að stuðla að auknum samskiptum á milli árganga, efla áhuga og gefa nemendum kost á að velja sér viðfangsefni og auka þannig lýðræði í skólstarfi. Ef vel tekst til þá verður áframhald á þessu verkefni á næsta skólaári.



100 miða leikur - vinningshafar

100 miða leiknum lauk í mars. Vinningshafarnir fóru í skemmtilega ferð á Mótorhjólasafnið, að því loknu var farið á Lemon, allir höfðu gaman af. Hér eru nokkrar myndir úr ferðinni.



Á döfnni

12. apríl

Valkvæð samræmd könnunarpróf í 9. b - stærðfræði

13. apríl

Valkvæði samræmd könnunarpróf í 9. b - enska

14. apríl

Valkvæð samræmd könnunarpróf í 9. b - íslenska



Skóladagatal 2021-2022

Skóladagatal næsta skólaárs liggur ljóst fyrir þó eftir eigi að samþykkja það í fræðsluráði. Þessar dagsetningar eru þó ákveðnar:

- Skólasetning verður 23. ágúst
- Haustfrí 18.-19. október
- Vetrarfrí 3.-4. mars, gott að vita fyrir þá sem vilja skipuleggja sig lengra fram í tímann.

matseðill




MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Apríl

06. apríl	þriðjudagur	Dönsk buff, kartöflur, brún sósa, grænmeti
07. apríl	miðvikudagur	Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, köld sósa, grænmeti, ávextir
08. apríl	fimmtudagur	Steiktur kjúklingur, franskar, gular baunir, kokteilsósa
09. apríl	föstudagur	Skyr, brauð og álegg
12. apríl	mánudagur	Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, kokteilsósa, ávextir
13. apríl	þriðjudagur	Kjötbollur, kartöflur, brún sósa, meðlæti
14. apríl	miðvikudagur	Gratínfiskur, kartöflur, grænmeti, ávextir
15. apríl	fimmtudagur	Lambagúllas, kartöflustappa, meðlæti
16. apríl	föstudagur	Kjúklingapasta, sósa, grænmeti
19. apríl	mánudagur	Orly fiskur, hrísgrjón, súrsæt sósa, ávextir
20. apríl	þriðjudagur	Soðið slátur, kartöflur, jafningur, ávextir
21. apríl	miðvikudagur	Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir
22. apríl	fimmtudagur	SUMARDAGURINN FYRSTI
23. apríl	föstudagur	Mjólkurgrautur og slátur
26. apríl	mánudagur	Mexíkóskur kjúklingaréttur, grænmeti
27. apríl	þriðjudagur	Bleikja, kryddkartöflur, grænmeti, ávextir
28. apríl	miðvikudagur	Svínasnitset, smjör, meðlæti
29. apríl	fimmtudagur	Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir
30. apríl	föstudagur	Aspassúpa og brauð

Búið er að skipta um gólfefni á B-gangi en það er gangurinn sem 5.-7. bekkur er með heimastofur. Eins og sjá má á myndunum er þetta heilmikil andlitslyfting.



Einkunnarorð í apríl

Vinátta

Regla mánaðarins:

**Við hjálpumst að og erum góð hvert
við annað.**